

**Fundur íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 15. desember: Erindi íbúaráðs
Miðborgar og Hlíða dags 8. desember 2022 til umhverfis- og skipulagsráðs um
umferðaröryggi og akstur stærri ökutækja í miðborginni.**

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða hefur margsinnis rætt um umferðaöryggi og um akstur stærri ökutækja í miðborginni. Ráðið sendi erindi til skipulags- og samgönguráðs um umferðaöryggi í upphafi árs, þar sem vakin var athygli á hættulegum gatnamótum, þ. á m. ýmis gatnamót við Barónsstíg. Lagt var til að haft yrði samráð við íbúaráðið vegna endurskoðunar á akstursfyrirkomulagi stærri ökutækja í miðborginni. Samráð hefur enn ekki hafist og vill íbúaráðið ítreka mikilvægi þess að sú vinna hefjist án frekari tafa.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur til að stækkun bannsvæðis hópþifreiða afmarkist við Snorrabraut og Gömlu-Hringbraut. Það er einlægur vilji íbúa í Miðborginni og foreldra barna við Austurbæjarskóla, Barónsborg, Grænuborg og Laufásborg. Akstur þessara þifreiða við leiksvæði barna og þar sem börn eru á leið í og úr skóla er stórhættuleg. Þá er mikil hætta þar sem hraðatakmarkanir eru ekki virtar á Barónsstíg.

Þann 27. október 2022, barst umsögn frá samgöngustjóra við erindi íbúaráðsins. Í svarinu segir m.a. að ekki hafi verið tilefni til að forgangsraða aðgerðum á þeim stöðum sem íbúaráðið nefndi framur öðrum stöðum. Íbúaráð Miðborgar- og Hlíða telur brýnt að sú afstaða verði endurskoðuð, m.a. vegna nýlegs banaslyss við Barónsstíginn. Miðborgin er ólík öðrum hverfum borgarinnar að því leyti að þar er mikill fjöldi gangandi og hjólandi vegfaranda, í bland við akstur stærri hópþifreiða.

Fyrir hönd íbúaráðs Miðborgar og Hlíða,

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, formaður.